

ERFIÐLEIKAR SANNLEIKANS

I

Á útvarpskvöldi guðspekifélagsins um daginn kom enn í ljós, að í þeim fræðum er meira af trúarsetningum (dogmum) en ýmsir halda fram, og er þar þrálátust sú kenning, að menn fæðist aftur og aftur hér á jörðu. Er hér um alvarlegan og stórskaðlegan misskilning að ræða, og má vel gera skiljanlegt, hvernig hann er tilkominn, þó að ekki skuli það hér gert, heldur aðeins sagt frá dæmi þess, hversu erfitt getur verið að koma hinum rétta skilningi fram handanað, gegnum miðil, jafnvel þó að spyrjandinn sé í skýrasta lagi. Til er bók frá 1911, sem heitir *Glimpses of the next state* (Ein og önnur vitneskja um, hvað við tekur eftir dauðann), og er höfundurinn háttsettur breskur flotaforingi (Vice Admiral) W. Usborne Moore, sem um nokkur ár gaf sig við slíkum rannsóknum af miklum áhuga. Er til eftir hann annað rit, sem heitir *The Voices* (Raddirnar handanað) og væri ég þeim manni þakklátur, sem gæti útvegað mér þá bók, því að mér hefir ekki tekist að eignast hana ennþá, en Usborne Moore var einn af bestu rithöfundum spíritismans, bráð-skarpur maður og æfður athugandi. Segir hann, eins og óefað er rétt að maður, sem hefir stjórnað sex mælingaleiðöngrum eins og hann hafði gert, geti vænst þess að honum sé treystandi til greindar. Usborne Moore hafði verið vantrúarmaður — agnostic kallar hann sig — og markmið það, sem hann hafði sett sér, var að komast að því, hvort miðilfyrirburðir væru annað en svik og prettir og hugarburður. Og er óhætt að segja, að honum hefir tekist sú rannsókn mjög vel. Rannsóknir á því, hvernig lífinu eftir dauðann væri háttað, voru honum aukaatriði. En sannfær-

ing hans virðist hafa verið sú, eins og svo margra, að framlífið sé andalíf í andaheimi, og sé þar flest, sem ekki verði gert oss skiljanlegt hér á jörðu. En af því sem hér fer á eftir, má nokkuð skilja, hver er aðalástæða til þess, að það gengur svo illa að fá handanað fræðslu um lífið hinumegin.

II

Í Glimpses, s. 146, spyr Moore anda sem hann hefir samband við með tilstyrk miðils: „Á þetta, sem menn nefna endurholdgun (re-incarnation), sér stað?“ „Andinn“ svarar: „Nei, ef átt er við kenningu guðspekinnar (þ. e. að menn fæðist aftur og aftur hér á jörðu), en í öðrum skilningi á hún sér stað“.

Nú vandaðist málið, því að Usborne Moore var sannfærður um, að lífið eftir dauðann væri andalíf í andaheimi, og næsta spurning hans sýnir, að hann er alveg úti á þekju, og grunar ekki, að það sem „andinn“ hafði gefið í skyn með svari sínu var, að sú kenning guðspekinnar, að menn fæddust aftur og aftur á þessari jörð, væri að vísu röng, en menn eignuðust þó eftir dauðann nýjan jarðneskan líkama á annarri jarðstörnu alheims; og leitast „andinn“ í næsta svari sínu enn við að víkja að þessu.

Moore spyr: „Er það sem þér nefnið endurholdgun (re-incarnation) þáttur eftir þátt í framför andalífs?“ „Já,“ segir „andinn“, „á annarri jarðstjörnu (in another world; en það getur líka þýtt „í öðrum heimi“). Síðan segir „andinn“ eitthvað, sem er alveg út í hött, eins og er svo algengt, þegar spyrjandi misskilur mjög bagalega það sem áður hefir verið sagt. „Andinn“ segir: „Þér getið heyrt til latnesku þjóðunum eða þeim slavnesku eða einhverjum af þeim mjög mörgu, sem sprottnar eru frá Babel. Skiljið þér mig?“

„Ég skil yður ekki alveg,“ segir Moore, og spyr síðan: „Er framförin eftir dauðann tengd við það að menn fæðist aftur og aftur?“

„Það er refsing,“ segir „andinn“, og enn fremur: „Slavneski maðurinn er neðst í stiganum, guli maðurinn eða Austurlandamaðurinn er sjálf byrjunin; Engilsaxinn er hið

betra kyn. Ég mun fara, ef þér óskið þess“ (líklega þýðir þetta ekki annað en það, að sambandið muni rofna, ef ekki verði meiri skilningi að mæta).

Nú spyr Moore: „Hvað eigið þér við? Er það vor refsing?“

„Andinn“ svarar: „Já, að gjalda hvers glæps í lægra ástandi“. (Þ. e. að koma fram í verri stað og verra ásigkomulagi en verið var í þegar glæpurinn var drýgður.)

Enn segir Moore: „Á ég þá að skilja þetta þannig, að glæpamaður fæðist hér á jörðu aftur og aftur?“

„Andinn“ svarar: „Ekki nauðsynlega á vorri jörð; það eru til aðrar jarðstjörnur, sem mannabyggð er í. Nú fer ég.“ (Í þessu svari mun vera réttast að sleppa orðinu „nauðsynlega“, því að það mun Moore sjálfur hafa lagt til.)

Usborne Moore getur þess, að hvorki hann né miðillinn hafi botnað minnstu vitund í því, hvað „andinn“ átti við með þessum svörum, en sér þyki þó réttara að sleppa þeim ekki. Lýsa þau orð vel andlegri ráðvendni hins mikilhæfa flotaforingja. Og er það býsna eftirtektarvert, þar sem um annan eins vitmann er að ræða og Moore, að hvergi í þessari bók hans skuli koma fram neinn vottur af skilningi á því, að líf á öðrum jarðstjörnum tekur við eftir lífið hér á jörðu; en það er það sem „andinn“ var að reyna til að segja. Og þegar tilraun hans nær því hámarki, að hann getur sagt, að til séu aðrar jarðir byggðar en vor, og samt er engum skilningi að mæta, þá fær þetta svo á hann, að hann fer úr sambandinu.

Í eitthvert skipti þegar þessi „andi“ er þannig „farinn“, kemur annar „andi“ og segir: „Þið eruð bæði of heimsk; verið þið sæl; mér er illa við ykkur.“ Þetta eru þó mikil rangindi. Usborne Moore sýnir oft mikinn skarpleik í rannsókn ýmissa miðilfyrirburða, og margt af því, sem „andar“ segja honum gegnum miðil, þegar ekki er um þetta aðalatriði að ræða, að „andaheimurinn“ er ekki andaheimur, reynist rétt. Og raunar kemur stundum, þegar „andar“ eru að lýsa fyrir honum lífinu hinumegin, óbeinlínis en þó greinilega í ljós, að verið er að lýsa framlífi, sem er jarðneskt, þó að ekki sé á þessari jörð. T. d. segir einn, sem kallar sig dr. Sharp (s. 289): „Kæri bróðir Moore, vér höfum

allt hérnamegin, hin fegurstu blóm og sönglist; og sérstaklega vil ég taka fram að dýraríkið er til hérnamegin.“ „Eru til hús yðar megin?“ spyr Moore (s. 297). „Já,“ segir „andinn“, „hugsunin býr þau til“, segir hann ennfremur, „og þau eru misfögur, eftir þroskastigi andanna, sem í þeim búa. Hjá oss eru fögur blóm og skógar. Allt er miklu fegra en á yðar jörð. Verið þið sæl, vér höfum gert allt sem vér getum fyrir ykkur.“ Undirkilið er ef t. v.: „án þess að oss hafi tekist að fá ykkur til að skilja“.

Við þessar upplýsingar „andans“ má gera þá athugasemd, að einnig hér á jörðu kemur hugsunin til greina við húsa-gerð; en hitt mun sjaldgæfara, að af fegurð húsanna megi marka andlegt þroskastig þeirra, sem í þeim búa. Sönnu nær mun það vera, að hér sé það meir efnahagurinn sem ræður. Hér á jörðu hefir verið nokkuð vandlega fyrir því séð, að þeir sem einkum hafa lagt stund á að efla andlegan þroska sinn (og annarra), ættu þess sem minnstan kost að lifa við blómlegan efnahag. Virðist mér augljóst, að þessi afarbág-borna útkoma af margra alda framfaraviðleitni mannkyns-ins, sem nú er komin á daginn, muni ekki vera án sambands við einmitt það, hversu lítill hefir vanalega verið samhugur með þeim mönnum, og þar af leiðandi þróngur kostur þeirra, sem einkum hefir verið það áhugamál að vinna að vitkun mannkynsins.

III

Það væri rangt að neita því, að Usborne Moore er, fyrir vitsmunu sakir og andlegrar ráðvendni, í tölu bestu rithöfunda spíritismans, þó að vanti hjá honum þann undirstöðu-skilning, sem einn getur orðið til þess að náttúrufræðin fari að ná til þess mikla máls. En þegar sá skilningur er fenginn, þá er ekki um spíritisma að ræða lengur, heldur líffræði (Biologi) og heimsfræði.

Aðeins einu sinni í hinni þykku bók Moores tekst „anda“ að nefna jarðstjörnur í sambandi við líf eftir dauða, og þó á mjög ófullnægjandi hátt, eins og sjá má af því sem áður er sagt. Mér virðist svo fróðlegt að vel sé vert að geta þess,

að í annarri þykkri og mjög merkilegri bók, eftir franska málarann P. E. Cornillier, sem af mikilli alúð og skarpleik og með aðstoð góðs miðils, hefir rannsakað fyrirburði þá, sem spíritisminn byggist á, er einnig einu sinni, og aðeins einu sinni, minnst á jarðstjörnur í sambandi við líf eftir dauðann, og þó nokkru fróðlegar en í bók aðmírálsins.

Cornillier hefir þetta eftir „anda“ (*Survivance de l’Ame, son Évolution après la mort*, s. 194): „Dýrin sækja fram eins og mennirnir. Allt í náttúrunni sækir fram. Mennirnir eru komnir af dýrum. En á vorri jörð getur köttur, hestur o. s. fr., ekki orðið að manni (þ. e. ekki átt menn að niðjum eins og apar forðum). Dýrin endurholdgast aftur og aftur þangað til þau ná fullkomnum sem dýr þeirrar tegundar; en síðan flytja þau til annarrar jarðstjörnu, þar sem þau taka á sig æðri mynd og þroskast áfram óendanlega.“

Það er býsna eftirtektarvert, að í þessari þykku bók skuli á þessum stað einum vera á það minnst, að lífið flytjist stjarnanna á milli, og þó aðeins dýralifið, en mannlífið ekki. Það heldur, að ætlun höfundarins, aðeins áfram í andaheimi, og á þessari jörð; því að Cornillier hyggur, að mennirnir endurholdgist hér á jörðu, hvað eftir annað. Endurholdgunartrúin er miklu ríkari í frönskum spíritisma en enskum, og koma þar óefað til greina grísk áhrif, sem einnig gætir svo mjög í franskri tungu. En í grískri heimspeki allt frá Pýthagóra til Plótíns, er trúin á endurholdgun mjög rík.

Í þessu, sem ég hafði eftir Cornillier, er vikið að mjög áriðandi sannleik. En það er, að hinn skapandi kraftur heldur áfram með hverja lífmynd, uns hún er orðin það sem best getur orðið í þeirri mynd. Þetta heyrir undir það lögmál, sem ég hefi nefnt *lex persistentiae*. Hestur t. d. endurlíkamast þannig eftir dauðann, en að vísu ekki á þessari jörð, að hann þroskast sem hestur, að vaxtarfegurð og öðrum kostum, uns ekki verður lengra komist í þeirri mynd. En þá tekur við ný mynd, og nýir möguleikar til framfara. Oss finnst að vonum mikið til um sögu efnisins í heimi, þar sem stjörnuhvifing, sem í eru hundrað þúsund milljónir sólna, virðist aðeins sem örög, miðað við mikilleika alheimsins, en þó er

saga lífsins, sem vér fórum ekki að fá neitt verulegt yfirlit yfir, fyrr en vér höfum uppgötvað lífið á stjörnunum, ennþá miklu stórkostlegri. Oss finnst, sem von er, ærinn sá munur, sem er á mannlegum vísindum, og þeirri lífþekkingu, sem apinn hefir, náfrændi mannsins í dýraríki jarðarinnar, og það dýrið, sem næst honum gengur að skynsemi. En það verður minna á mununum, þegar líffræðin, eins og hún er nú hér á jörðu, er borin saman við það, sem alheimsliffræðin getur orðið, og mun verða. Mun skjótt koma í ljós, að hér er ekki verið að ýkja neitt, þegar uppgötvuð verður sú byrjun, sem þegar hefir verið gerð hér á landi, til að færa líffræðina út til stjarnanna.

IV

Usborne Moore er, eins og fleiri spíritistum, mjög illa við kenningu kirkjunnar um „upprisu holdsins“, og telur fjarstæðu eina. En þó ber einnig þessi kenning því vitni, hversu sannleikurinn er áleitinn, þó að þar sé hann mjög bagalega aflagaður, eins og t. d. kemur fram í sálmi, sem Moore vitnar á:

„On the resurrection morning
Soul and body meet again“:

Á morgni upprisunnar munu sál og líkami finnast aftur.

Ýmsir hafa verið og eru mótfallnir brennslu líka, af ótta við, að slík meðferð muni gera sálinni erfitt fyrir á degi upprisunnar. Mun sá ótti hverfa, þegar það verður lýðum ljóst, að krafturinn, sem hefir byggt líkama vorn af efnum þessarar jarðar, ónýtist ekki þó að sú lífvél ónýtist og deyi, heldur gerir sér nýja lífvél úr efnum annarrar jarðstjörnu, þó að á nokkuð annan hátt sé en þegar þessi fyrsti líkami vor verður til. Er þessi undirstöðuskilningur í rauninni einfalt mál, á því stigi náttúruþekkingar, sem nú er hér náð, en mun þó reynast hinn affarasælasti fyrir allan mannlegan þroska, þegar hann er orðinn almennings eign.